

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Mánudaginn 28. nóvember 2011 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun

Fyrir fundinum lá tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2011. Helstu niðurstöður endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar er að heildartekjur samstæðu nema 491.804 þús. en í samþykktri áætlun er gert ráð fyrir að tekjur verði 455.922 þús. Endurskoðuðu áætlun gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður fyrir afskriftir nemi 470.846 þús. en í fjárhagsáætlun er rekstrarkostnaður áætlaður 428.644 þús. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir verði jákvæð um 20.958 þús. en í fjárhagsáætlun er reiknað með að rekstrarniðurstaða verði jákvæð um 27.278 þús. Rekstrarniðurstaða endurskoðaðrar áætlunar er neikvæð um 1.615 þús. að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða en upphafleg áætlun var jákvæð um 8.836 þús. Í sjóðstreymi endurskoðaðrar áætlunar er gert ráð fyrir að fjárfesting ársins verði 52.500 þús. en upphaflega var gert ráð fyrir 42.000 þús. Tillaga að endurskoðaðri áætlun var samþykkt samhljóða.

2. Félagslegar íbúðir

Fyrir fundinum lá minnisblað Magnúsar Ólafssonar hjá Domus fasteignasölu þar sem tekin saman hvaða verðviðmið hægt sé að hafa við mat á söluverði félagslegra íbúða. Einnig lá fyrir samantekt um áhvílandi lán á félagslegum íbúðum á Skagaströnd og reiknaður munur á áætlðu söluverði og áhvílandi lánnum á hverri eign. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi gögn og samþykkti að auglýsa félagslegar íbúðir til leigu og sölu.

3. Tónlistarskóli A-Hún

a) Fundargerð stjórnar byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, 1. nóv. 2011.

Fundargerðin var til kynningar en gerður fyrirvari við 3. lið, fjárhagsáætlun 2012 og umfjöllun um hann vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

b) Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011

Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að heildargjöld verði 44.221 þús. og heildartekjur verði 42.430 þús. Rekstrartapinu 1.791 þús. verði tekið af eigin fé.

Endurskoðuð áætlun var til kynningar.

c) Fjárhagsáætlun 2012

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að heildargjöld Tónlistarskóla nemi 42.204 þús. og heildartekjur 42.400 þús. Framlög sveitarfélaga eru áætluð 35.500 þús. Áætlaður hlutur Skagastrandar í rekstri tónlistarskólans 2012 er 10.231 þús.

Fjárhagsáætlunin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við hana en hafður fyrirvari sbr. a) lið.

4. Fellsborg endurbætur

Fyrir fundinum lágu teikningar og kostnaðarmat Arkitektastofunnar Form á breytingum neðri hæðar Fellsborgar. Tillaga að breytingum er unnin eftir þeirri umfjöllun sem sveitarstjórn hafði

haft um málið á fyrri fundum. Samþykkt að hefjast handa við endurbæturna. Áætlaður kostnaður með öllum búnaði er um 17 milljónir króna.

5. Frístundakort

Til umræðu var tekið hvort og hvernig eigi að greiða svonefnt frístundakort. Samþykkt að fresta ákvörðun um frístundakort til afgreiðslu fjárhagsáætlunar og að breyta formi á greiðslum þannig að þær miðist við fjárhagsárið.

6. Bréf

a. Sjávarútvegsráðuneytis, 26. október 2011

Með bréfinu er auglýst eftir umsóknum um byggðakvóta fiskveiðiársins 2011/2012 og sveitarstjórnnum gefin kostur á að sækja um byggðakvóta fyrir byggðarlög sín. Umsóknarfrestur er gefin til 9. nóvember 2011. Meðfylgjandi bréfinu var bréf sveitarstjóra fyrir hönd sveitarstjórnar dags. 7. nóvember 2011 þar sem sótt er um byggðakvóta. Bréfin voru til kynningar en umsókn um byggðakvóta hafði áður verið send sveitarstjórn með tölvupósti.

b. Félagsmálastjóra, 23. nóvember 2011

Félagsmálastjóri leitar með bréfinu eftir því hvort sveitarfélög í A-Hún hafi hug á að veita sérstaka jólaaðstoð 2011 og hve há sú upphæð muni verða. Í bréfinu kemur fram að aukin þörf muni vera fyrir slíka aðstoð um hátíðirnar og bent á að með samstarfi félagsþjónustu við RKÍ deildir og fleiri aðila væri mögulegt að fá hagstæð úttektarkort í verslunum á svæðinu. Samþykkt að leggja andvirði jólakorta til jólastyrkja og jafnframt að leggja sérstaklega 100 þús. kr. af lið 0689 í fjárhagsáætlun.

c. Björgunarsveitarinnar Strandar, dags 25. nóvember 2011

Með bréfinu leitar Björgunarsveitin Strönd eftir 3 milljón króna styrk frá sveitarfélaginu til að fjármagna endurnýjun á Þórdísi björgunarbát sveitarinnar. Fram kemur að sveitinni bjóðist öflugur bátur af gerðinni Atlantic 75 hjá RNLI í Bretlandi fyrir 9 milljónir króna. Meðfylgjandi bréfinu var rekstrar- og efnahagsreikningur sveitarinnar fyrir árið 2010. Péturína lýsti vanhæfi sínu vegna starfa sinna sem gjaldkeri björgunarsveitarinnar og vék af fundi. Umræður urðu um málið og samþykkt að gera ráð fyrir 2,5 milljónum króna til verkefnisins við gerð fjárhagsáætlunar 2012.

d. USAH, dags. 26. október 2011

Með bréfinu óskar USAH eftir 350 þús. kr. styrk frá sveitarfélaginu á árinu 2012 og m.a. greint frá því að á árinu 2012 verði USAH 100 ára. Erindinu var vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2012.

e. Snorraverkefnisins, dags. 7. nóvember 2011

Erindi bréfsins er að óska eftir að sveitarfélagið styðji verkefnið sumarið 2012 með fjárframlagi og/eða með því að taka þátttakanda í starfsþjálfun. Ekki var vilji til að leggja fé í verkefnið.

f. Sveitarstjóra til vegamálastjóra, dags. 15. nóvember 2011

Bréfið er ritað til vegamálastjóra til að leggja áherslu á ósk sveitarstjórnar um að tenging Þverárfjallsvegur við Þjóðveg nr. 1 og tenging Skagastrandarvegur við þá breytingu verði sett inn á langtímaáætlun samgönguáætlunar. Einnig að staðið verði við áform í samgönguáætlun um að leggja bundið slitlag á Skagaveg. Bréfið var til kynningar.

g. Sveitarstjóra til Íslandspósts, dags. 21. nóvember 2011
Með bréfinu er mótmælt þeirri ákvörðun Íslandspósts að minnka starfshlutfall bréfbera á Skagaströnd úr 100% stöðu í 70% og þeirri þjónustuskerðingu sem óhjákvæmilega af því leiðir.
Bréfið var til kynningar.

7. Fundargerðir

a. Stjórnar SSNV, 8.09.2011
Fundargerðin var til kynningar

b. Stjórnar SSNV, 4.10.2011
Fundargerðin var til kynningar

c. Stjórnar SSNV, 11.11.2011
Fundargerðin var til kynningar

d. Samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga, 5.10.2011
Fundargerðin var til kynningar

e. Stjórnar Sís og forsvarsmanna landshlutasamtaka, 14.10.2011
Fundargerðin var til kynningar

f. Heilbrigðisnefndar NI.vestra, 1.11. 2011
Fundargerðin var til kynningar

g. Heilbrigðisnefndar NI.vestra, 22.11. 2011
Fundargerðin var til kynningar

8. Önnur mál.

Umræður urðu um hitaveitumál og fyrirhugaðan fund sem sveitarstjórn mun eiga með fulltrúum Rarik um málið þriðjudaginn 29. nóvember nk.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11³⁵

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson